

REGLUGERÐ

um Raunvísindastofnun Háskólans.

1. gr.

Heiti stofnunarinnar og tengsl hennar við Háskóla Íslands.

Stofnunin heitir Raunvísindastofnun Háskólans og heyrir undir verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands. Fjallar deildarráð um málefni stofnunarinnar, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari, en sé um almenn háskólamál að ræða, fjallar háskólaráð um þau.

2. gr.

Starfssvið.

Aðalstarf stofnunarinnar er undirstöðurannsóknir í raunvísindum, sbr. 3. gr. Auk þess skal stofnunin hafa samvinnu við verkfræði- og raunvísindadeild um háskólakennslu í raunvísindagreinum og annast eftir föngum sérfræðiaðstoð og fræðslustarfsemi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar. Ráðning sérfræðinga skal vera til rannsóknarstarfa. Kennsla þeirra við háskólann skal háð samkomulagi milli deildarráðs og stjórnar stofnunarinnar, og skal þá m. a. ákveðið, hvort kennslan skuli teljast hluti af starfsskyldu viðkomandi sérfræðings. Stofnunin er rannsóknarvettvangur þeirra fastráðinna kennara í verkfræði- og raunvísindadeild, sem ráðnir eru til kennslu og rannsóknarstarfa á sviðum stofnunarinnar, nema annað þyki betur henta, sbr. ákvæði háskólalaga um starfsaðstöðu háskólakennara.

3. gr.

Rannsóknarstofur.

Stofnunin skiptist fyrst um sinn í fimm rannsóknarstofur:

1. Eðlisfræðistofa.
2. Efnafræðistofa.
3. Jarðvísindastofa.
4. Reiknifræðistofa.
5. Stærðfræðistofa.

Rannsóknarstofurnar hafa sameiginlega skrifstofu. Stjórn stofnunarinnar er heimilt með samþykki menntamálaráðuneytisins að skipta rannsóknarstofum í deildir.

4. gr.

Flokkun starfslíðs og hæfniskröfur.

- A Forstöðumenn skulu valdir úr hópi prófessora, dósentra, deildarstjóra og fastráðinna sérfræðinga, sem náð hafa mjög góðum árangri við vísindarannsóknir og sýnt hafa forystu- og skipulagshæfileika.
- B Deildarstjórar skulu hafa lokið meistaraþrófi eða tilsvarendi háskólanámi og starfað minnst þrjú ár við rannsóknir og sýnt hæfileika til sjálfstæðra, vísindalegra rannsókna og náð þar góðum árangri og sýnt góða skipulagshæfileika.
- C Fastráðnir kennarar í verkfræði- og raunvísindadeild, sem starfa við stofnunina. Deildarráð verkfræði- og raunvísindadeildar ákveður að höfðu samráði við stjórn stofnunarinnar, hverjir fastráðinna kennara deildarinnar verði starfsmenn stofnunarinnar.

- D Fastráðnir sérfræðingar skulu hafa lokið meistaraþrófi eða tilsvarendi háskólánámi og starfað minnst þrjú ár við rannsóknir og sýnt hæfileika til sjálfstæðra, vísindalegra rannsókna.
- E Sérfræðingar ráðnir til sjálfstæðra rannsókna til takmarkaðs tíma, allt að þremur árum, skulu hafa lokið meistaraþrófi eða tilsvarendi háskólánámi og starfað minnst eitt ár við rannsóknir.
- F Háskólamenntaðir starfsmenn ráðnir til rannsókna og sérfræðiþjónustu undir handleiðslu deildarstjóra eða forstöðumanns. Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi, er svari a. m. k. til B. S.-prófs.
- G Annað starfslið, þ. á m. tæknimenntaðir starfsmenn, aðstoðarmenn við rannsóknarstörf og starfslið á skrifstofu.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita einstaklingum starfsaðstöðu um takmarkaðan tíma.

5. gr.

Forstöðumenn.

Fyrir hverri rannsóknarstofu skal vera forstöðumaður, kjörinn af deildarráði verkfræði- og raunvísindadeildar til fjögurra ára í senn. Deildarráð leitar skriflegra tillagna frá starfsmönnum viðkomandi stofu í flokki A—F, sem starfað hafa við stofnunina 1 ár eða lengur.

Forstöðumaður tilnefni með samþykki stjórnar stofnunarinnar varamann sinn úr hópi starfsmanna stofunnar.

Forstöðumaður hefur á hendi stjórn vísindalegra rannsókna og annast daglegan rekstur stofunnar, þ. á m. eftirlit með starfsmönnum stofunnar og fjármálum hennar. Ef ágreiningur rís milli forstöðumanns og starfsmanns rannsóknarstofu, skal leita úrskurðar stjórnar. Forstöðumaður efnir til reglulegra funda með starfsmönnum stofunnar.

Fyrir forstöðustarfið skal koma sérstök þóknun samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Forstöðumanni reiknifræðistofu til ráðuneytis skulu vera þrír menn, tilnefndir til eins árs í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af háskólaráði úr hópi fastra kennara annarra háskóladeilda en verkfræði- og raunvísindadeildar, annar tilnefndur af deildarráði verkfræði- og raunvísindadeildar úr hópi fastra kennara deildarinnar og hinn þriðji af menntamálaráðuneytinu fyrir aðila utan háskólans, sem notfæra sér rafreikniþjónustu reiknifræðistofunnar. Skulu þeir koma saman til fundar ásamt forstöðumanni eigi sjaldnar en ársfjórðungslega til að ræða notkunarsvið og verkefni rafreiknis reiknifræðistofunnar. Þá skulu þeir og gera tillögur um breytingar á gjaldskrá fyrir rafreikniþjónustu stofunnar. Heimilt er háskólaráði að tilnefna tvo menn til viðbótar forstöðumanni til ráðuneytis.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skipa forstöðumenn rannsóknarstofa, einn maður kjörinn til fjögurra ára af deildarráði verkfræði- og raunvísindadeildar og einn fulltrúi kosinn, ásamt varamanni, til eins árs í senn, á almennum fundi allra starfsmanna í flokkum A—G, sbr. 4. gr. Stjórnarmaður sá, sem kjörinn er af deildarráði er formaður stjórnarinnar og skal hann vera prófessor eða dósent við deildina á einhverju af sviðum stofnunarinnar, deildarstjóri eða fastráðinn sérfræðingur við stofnunina. Deildarráð leitar skriflegra tillagna frá starfsmönnum stofnunarinnar í flokkum A—F, sem starfað hafa við stofnunina 1 ár eða lengur. Fulltrúi starfsmanna skal hafa starfað

samfleytt a. m. k. eitt ár við stofnunina. Skipti í stjórninni fara fram í upphafi háskólaárs. Varamenn taka sæti í stjórn í forföllum aðalmanna.

Stjórnin kys úr sínum hópi varaformann til fjögurra ára í senn, eftir að ný stjórn kemur saman.

Stjórnin fjallar um öll sameiginleg málefni rannsóknarstofa, samþykkir rekstraráætlanir stofanna, tillögur um fjárveitingar og skiptingu þeirra milli stofa, og staðfestir reikningsyfirlit liðins árs. Stjórnin markar stofnuninni stefnu í rannsóknum, hvað snertir val meiri háttar verkefna. Hún skipuleggur samstarf stofanna eftir ástæðum og tekur ákvörðun um sameiginleg rannsóknarverkefni. Stjórnin efnir til sameiginlegra funda sérfræðinga til kynningar og umræðna um nýjungar. Tvisvar á ári kallar hún saman fund með öllu starfslíði stofnunarinnar til að ræða starfsemina. Stjórnin sker úr vafaatriðum um skiptingu verkefna milli rannsóknarstofa.

Stjórnin fjallar um ráðningu starfslíðs að stofnuninni. Sé rannsóknarstofu skipt í deildir skal stjórnin tilnefna deildarstjóra.

Nú verða atkvæði jöfn á stjórnarfundi og ræður þá atkvæði formanns.

Fundargerðir stjórnar skulu liggja frammi á skrifstofu stofnunarinnar og fundarsamþykktir kynntar starfsmönnum stofnunarinnar og deildarráði verkfræði- og raunvísindadeildar.

Formaður stjórnarinnar kemur fram fyrir stofnunina í heild og er málsvari stjórnarinnar og fulltrúi hennar innan stofnunarinnar og utan. Hann hefur eftirlit með framkvæmd á ákvörðunum stjórnarinnar og boðar stjórnarfundi með dagskrá. Skyld er að halda stjórnarfund um tiltekin mál, ef tveir eða fleiri stjórnarmenn óska þess.

Fulltrúi starfsmanna í stjórn skal fá sérstaka þóknun fyrir stjórnarstarf, samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Ráðherra ákveður þóknun formanns.

7. gr.

Framkvæmdastjóri.

Framkvæmdastjóri annast almennan rekstur stofnunarinnar, og skal framkvæmdastjórnin vera aðalstarf hans. Æskilegt er, að hann hafi lokið háskólaprófi eða hafi jafngildan undirbúning náms og starfsreynslu. Framkvæmdastjóri sér um framkvæmd þeirra mála, sem stjórnin felur honum, og hefur umsjón með allri starfsemi, sem heyrir ekki undir einstakar rannsóknarstofur. Hann sér um ráðningu lausráðins aðstoðarfólks, svo sem stúdenta, í samráði við forstöðumenn og í samræmi við fjárveitingu.

Framkvæmdastjóri er ritari stjórnar og sér um útgáfu árlegrar skýrslu stofnunarinnar.

Stjórnin setur framkvæmdastjóra erindisbréf, sem ráðherra staðfestir, þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans.

Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn og stjórnarformanni í starfi sínu.

8. gr.

Fjármál.

Stofnunin hefur sjálfstætt fjárhald og ber sjálfstæða fjárábyrgð. Fjárlagatilögur stofnunarinnar skulu kynntar forseta verkfræði- og raunvísindadeildar og háskólaarektor, bæði á undirbúningsstigi og í lokagerð.

Rekstur stofnunarinnar er kostaður af ríkisfé, samkvæmt því, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni, og eigin tekjum hennar.

Gjaldskrá rafreikniþjónustu reiknifræðistofu skal lögð fram árlega með fjárlaga-tillögum stofnunarinnar og auglýst.

Ársreikningar stofnunarinnar skulu sendir ríkisendurskoðun til endurskoðunar ásamt fylgiskjöllum. Samrit reikninganna sendist háskólarektor og menntamálaráðuneytinu. Endurskoðaðir reikningar skulu birtir í ársskýrslu stofnunarinnar.

9. gr.

Ráðningar.

Ráðherra ræður fastráðið starfslið að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Ráðherra getur falið stjórn stofnunarinnar og framkvæmdastjóra ráðstöfun starfa til eins árs eða skemmri tíma, enda sé fjárveiting fyrir hendi.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 76/1958, 87. gr.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 1976, og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð nr. 4/1971, um Raunvísindastofnun Háskólans, ásamt breytingu samkvæmt reglugerð nr. 255/1971.

Menntamálaráðuneytið, 22. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til reglubundins áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Íslands hf. sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs á eftirtöldum flugleiðum innanlands, á tímabilinu 1. jan. 1976 til ársloka 1980:

1. Reykjavík—Patreksfjörður—Reykjavík
2. Reykjavík—Þingeyri—Reykjavík
3. Reykjavík—Ísafjörður—Reykjavík
4. Reykjavík—Sauðárkrókur—Reykjavík
5. Reykjavík—Akureyri—Reykjavík
6. Reykjavík—Húsavík—Reykjavík
7. Reykjavík—Raufarhöfn—Reykjavík
8. Reykjavík—Þórshöfn—Reykjavík
9. Reykjavík—Egilsstaðir—Reykjavík
10. Reykjavík—Neskaupstaður—Reykjavík
11. Reykjavík—Hornafjörður—Reykjavík
12. Reykjavík—Fagurhólsmýri—Reykjavík